

# Fundargerð

## Atvinnu-, Jafnréttis- og Menningarmálanefndar Rangárþings ytra

2. fundur Atvinnu-, Jafnréttis- og Menningarmálanefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2014 - 2018, haldinn að Hótel Rangá 4. Febrúar kl. 20:00

Mætt: Sólrún Helga Guðmundsdóttir (formaður), Hugrún Pétursdóttir, Heimir Hafsteinsson, Jóhann Björnsson og Yngvi Harðarsson.  
Fundargerð ritar formaður

### 1. Þjónustukort Rangárvallasýslu og Mýrdals „Power and purity“

Sveitarstjórn vísaði til nefndar að verða tengiliður við endurnýjun á þjónustukorti af svæðinu. Nefndin fór yfir kortið og mun koma með tillögum að nýjum myndum fyrir RY innan hálfsmánaðar. Ákveðið að setja auglýsingu inn á heimasíðu RY til fyrirtækja um hvort þau vilji laga skráninguna og eins fyrir nýja aðila að komast inná kortið. Einnig að setja auglýsingu í Búkollu. Aðilum bent á að senda póst á ry@ry.is.

### 2. Þáttargerð N4 um gerð sjónvarpsþátta „Að sunnan“

Sveitarstjórn vísaði til nefndar að verða tengiliður ásamt sveitarstjóra við þáttargerðarfólk.

Formanni falið að verða í sambandi við þáttarstjórnanda og kynna hugmyndir nefndarinnar ásamt því að afla frekari upplýsinga hjá Maríu Björk Ingvadóttur um þáttargerðina.

Hugmyndir m.a:

Stíflugerðir á Íslandi – Djúpós stíflan

Hellarnir á Ægissíðu ofl. hellar í sveitarfélaginu

Keldur

Oddi

Nefndin er opin fyrir fleiri tillögum að þáttargerð.

### 3. Tilboð frá RRF (Ráðgjöf og rannsóknir ferðaþjónustunnar ehf.)

Tilboð frá RRF um talningu ferðamanna á okkar svæðið. M.a. til nýtingar í stefnumótun sveitarfélagsins. Tilboðið hljóðar uppá 340 þús + vsk (sem fæst endurgreiddur). Skýrslunni verður skilað uppúr miðjum Mars.

Nefndin fjallað um málið og fór yfir tilboðið. Nefndin telur æskilegt fyrir okkur að fá nánari upplýsingar um fjölda ferðamanna og áhuga þeirra á afþreyingu í okkar sveitarfélagi.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn taki þessu tilboði.

### 4. Bæklingurinn „Á ferð um Ísland“

Borist hefur fyrirspurn frá útgáfufélaginu Heimur hvort breyta þyrfti texta frá RY í þessum bæklingi fyrir útgáfu. Meðfylgjandi í fundargögnum er skjalið sem notað hefur verið. Nefndin fór yfir textann og breytti eftir þörfum. Formanni falið að senda yfirfarið skjal tilbaka.

421 J.B. H.P. H.P. S.M.G.

5. Önnur mál.

Yngvi benti á fyrirkomulag á fasteignagjöldum af virkjunum, stíflu- og línumannvirkjum í Noregi. Skapaðist umræða um það og ákveðið að taka það betur fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 21:15

Hugvín Pétursdóttir  
Jóhann Björnsson  
Yngvi Hartvigsson  
Ólafur Hafsteinsson  
Sólmann Selga Guðm.